

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð óskar eftir samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþróttafélögin í borginni um verðlagsaðhald varðandi iðkendagjöld þar sem þess verði gætt þegar frístundastyrkur vegna barna 18 ára og yngri hækkar um 50% um áramótin í 75 þúsund krónur að sú hækkun skili sér fyrst og fremst til foreldra og forráðamanna viðkomandi barna. Sú aðgerð byggir á samkomulagi flokkanna sem mynda meirihluta borgarstjórnar og hefur það að markmiði að auka þátttöku og virkni barna og ungmenna í íþróttum og tómstundastarfi. Eðlilegt er að iðkendagjöld taki mið af hækkun verðlags á hverjum tíma en mikilvægt er að menningar- íþrótt- og tómstundaráð fyrir hönd Reykjavíkurborgar, ÍBR og íþróttafélögin standi saman um að halda hækkun iðkendagjalda innan hóflegra marka, í takti við verðlagsbreytingar.